


Yrkja meðmælin eru komin!

Í verkefninu hafa mismunandi yrki hafra verið prófuð í tilraunum í tvö ár. Í Gunnarsholti á Rangárvöllum 2024 og 2025 og á Flatey á Mýrum 2025. Yrkin voru talin af sérfræðingum líklegust til þess að standa sig við erfið ræktunarskilyrði á norðurslóðum. Margir eiginleikar hafa verið mældir en hér að neðan sjást meðaltöl uppskeru og rúmþyngdar úr tilraununum. Byggt á þessu getum við mælt með yrkjunum Avetron, Ringsaker og Cilla sem uppskeruháum og fljótþroska. En með tillit til kornastærðar til manneldis getum við mælt með Dovre, Meeri og Cilla. Sænska yrkið Cilla hefur verið á meðmælalista á Íslandi í fjöldamörg ár. Sem næstu skref, verður aðgengi bænda að sáðvöru þessarra yrkja endurskoðað. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu verkefnisins og munu birtast í skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands



FRÉTTABRÉF 5 - 2026



Vinstri: Prof. Fiona Doohan, Professor í plöntuheilbrigði. Miðju myndir: Loftmynd og spildudagur í Killea á Írlandi. Hægri: Atikur Rahman, Teagasc

Hafrasérfræðingar á Írlandi

Jaðarhafrar er sameiginlegt verkefni tíu samstarfsaðila sem koma frá háskólum, rannsóknarstofnunum og kynbótafyrirtækjum. Hér að neðan verða samstarfsaðilar verkefnisins frá Írlandi kynntir:

Háskólinn í Dyflinni (UCD)

Við UCD, eru stundaðar rannsóknir á ræktun með það að markaði að auka afkomu nytjajurta, eins og hveitis, byggs og hafra. Þar er lögð mikil vinna í að bera kennsl á yrki og meðferðir til þess að draga úr uppskerutapi vegna plöntusjúkdóma. Að auki er lögð áhersla á að bera kennsl á yrki korntegunda og prótínjurta sem hafa framúrskarandi jarðræktareiginleika þar sem mismunandi ræktunaraðferðum er beitt.

Teagasc

Nytjajurtadeild (e. *Crop Science Department*) Teagasc er staðsett í hjarta akurræktarhéraði Írlands. Þar eru lagðar út dreifðar tilraunir á hverju ári í öllum helstu korntegundum og olújurtum. Í áratugaraðir hefur Teagasc leitt jarðræktarrannsóknir á höfrum sem hefur skilað bættri hafrarækt á Írlandi.

Komdu vinnustofu!

Þrjú ár af hafrarannsóknnum verða kynntar á vinnustofu Jaðarhafra hjá Teagasc á Írlandi. Sem verður einnig streymt á netinu. Á vinnustofunni verður farið nánar í yrkjameðmæli og aðferðafræði til kynbóta með tillit til hafra til manneldis og sem fóður. Hægt er að lesa nánar um vinnustofuna og skrá sig hér:

Dagskrá vinnustofunnar: <https://www.interreg-npa.eu/projects/oatfrontiers/home/news-events/workshop-in-ireland/>

Hlekkur til að skrá sig á vinnustofu

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum og kíktu á viðburði. Fylgstu með til að lesa Meira um verkefnið og niðurstöður því það er senn á enda:

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins og á samfélagsmiðlum:

<https://www.interreg-npa.eu/projects/oatfrontiers/>

<https://twitter.com/OatFrontiers>

